



Til formanna og framkvæmdastjóra
sér sambanda og héraðssambanda/íþróttabandalaga ÍSí

Reykjavík, 7. nóvember 2025

Efni: Formannafundur ÍSí 2025 – seinna fundarboð

Með vísan í bréf dagsett 16. október sl. og í samræmi við 15. grein laga ÍSí er hér boðað til Formannafundar ÍSí **föstudaginn 21. nóvember nk. kl. 15:30** (seinna fundarboð). Fundurinn verður haldinn í golfskála Golfklúbbsins Leynis á Akranesi.

Á Akranesi hafa nýlega verið tekin í notkun glæsileg íþróttamannvirki að Jaðarsbökkum. Boðið er upp á skoðun á þeim kl. 14:30, þ.e. fyrir Formannafundinn. Vonumst við til að sem flestir geti nýtt sér það boð.

Rúta fer því kl. 13:45 frá Laugardalnum að Jaðarsbökkum og brottför þaðan í golfskálann kl. 15:00. Rúta fer svo frá Akranesi til Reykjavíkur að loknum kvöldverði.

Meðfylgjandi er dagskrá fundarins.
ÍSí býður þátttakendum á fundinum til kvöldverðar að fundi loknum.

Það er von okkar að sjá sem flesta formenn og framkvæmdastjóra á Formannafundinum. Einnig vonum við að sem flestir formenn og framkvæmdastjórar sjái sér þess fært að þiggja kvöldverð að loknum fundi.

Vinsamlegast skráið mætingu á fundinn, í rúturnar og í matinn á eftirfarandi vefslóð í síðasta lagi **þriðjudaginn 18. nóvember nk.:**

<https://www.isi.is/um-isi/formannafundur/skraning-a-formannafund/>

Hlökkum til að hitta ykkur!

Með bestu kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Willum Þór Þórsson
Willum Þór Þórsson
forseti

Andri Stefánsson
Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri

